



Kópavogi, 25. nóvember 2024
2001382/211.01 RH

Efni: Viðmið við mat á skóladagatal grunnskóla

Skóladagatal skal metið út frá lögum um grunnskóla og samþykktum menntaráðs

Samþykkt menntaráðs

- Allir grunnskólar hefjist sama dag í ágúst.
Skólastjórar leggja fram tillögu að dagsetningu fyrir 1. desember ár hvert.
- Vetrarleyfi verði samræmt milli allra grunnskóla í tvo daga á haustönn og tvo daga á vorönn.
Skólastjórar leggja fram tillögu til menntaráðs um dagsetningar vetrarleyfa fyrir 1. desember ár hvert.
- Þrír skipulagsdagar af fimm verði samræmdir í öllum leik- og grunnskólum bæjarins. Frístund hefur rétt á tveim skipulagsdögum og þeir skulu teknir á samræmdum dögum leik- og grunnskóla.

Í grunnskólum verður fyrsti skipulagsdagur á hvorri önn samræmdur eftir hverfum.

	Grunnskólar		Grunnskólar
Hverfi 1	Álfhólsskóli Snælandsskóli	Hverfi 3	Lindaskóli Salaskóli Smáraskóli
Hverfi 2	Kársnesskóli Kópavogsskóli	Hverfi 4	Hörðuvallaskóli Vatnsendaskóli Kóraskóli

Undanþágu frá samræmdum skipulagsdögum eða breytingar á skóladagatali er eingöngu hægt að fá ef um er að ræða námsferð kennara og starfsmanna skóla og hægt er að færa til allt að tvo daga.

Sækja skal um undanþágu til grunnskóladeildar með rökstuðningi og skriflegu samþykki Skólaráðs og stjórnar foreldrafélags.

- Grunnskólar hafa leyfi til að hafa einn tvöfaldan dag á skóladagatali, þ.e. að í kjölfar heils skóladags geti verið skertur dagur. Skv. álit ráðuneytis er ekki heimilt að hafa tvo skerta daga nemenda sama daginn (t.d. foreldraviðtöl fyrri hluta dags og skólaslit eða árshátíð síðdegis).
- Skóladagatali skal skilað til grunnskóladeildar 15. febrúar ár hvert.



Lög um grunnskóla

Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera að lágmarki níu mánuðir. Skóladagar nemenda skulu eigi vera færri en 180. Skipting milli kennsludaga og annarra skóladaga nemenda er á ábyrgð skólastjóra að höfðu samráði við skólaráð og að fenginni staðfestingu skólanefndar.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

1.200 mínútur í 1.–4. bekk,

1.400 mínútur í 5.–7. bekk,

1.480 mínútur í 8.–10. bekk.

Skólastjóri ákveður nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð. Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann sé samfelldur með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Heimilt er að víkja frá vikulegum lágmarkskennslutíma skv. 2. mgr. tímabundið, en nemendum skal þá tryggð viðbótarkennsla sem nemur frávikinu innan sama skólaárs.

Greinargerð með frumvarpi til laga um grunnskóla

Gert er ráð fyrir því að skóladagar skuli ekki vera færri en 180 en í gildandi lögum er kveðið á um 170 kennsludaga nemenda að lágmarki á ári. Áfram er gert ráð fyrir sveigjanleika í skipulagi skólastarfs milli fullra kennsludaga nemenda annars vegar og annarra skóladaga nemenda hins vegar. Þar er m.a. átt við skólasetningar- og skólaslitadaga, foreldraviðtalsdaga, jólaskeppitímar, íþrótt- og útivistardaga og annað sem skólastjóri ákveður í hverjum skóla. Skipting milli kennsludaga og annarra skóladaga nemenda er á ábyrgð skólastjóra að höfðu samráði við skólaráð og að fenginni staðfestingu skólanefndar, enda samræmist skiptingin ákvæðum kjarasamninga á hverjum tíma. Breytingin er því einkum fólgin í að sníða lögin að almenntri þróun en ekki er gert ráð fyrir að kennsludagar nemenda verði færri en í gildandi lögum, þ.e. 170.

Aðalnámskrá grunnskóla almennur hluti

Skólanefnd staðfestir gildistöku starfsáætlana og þar með skóladagatala þegar ljóst er að þær hafa verið unnar í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, skólastefnu, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Skóladagatal er hluti af árlegri starfsáætlun.

Á skóladagatali kemur fram hvernig 180 kennsludögum er fyrir komið, hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori. Einnig lengd jólaeyfis, páskaeyfis og annarra vetrarleyfa. Í skóladagatali skulu þeir 10 dagar, sem heimilt er að skerða viðveru nemenda, auðkenndir sérstaklega með skýringum.

Önnur gögn

[Svar mennta- og menningarmálaráðuneytisins](#), dags. 16. apríl 2012, við beiðni um túlkun á nokkrum álitaeftum sem lúta að skiptingu skóladaga í grunnskólum milli kennsludaga og annarra skóladaga. Svar mennta- og menningarmálaráðuneyti frá dags. 16. ágúst 2012, við frekari beiðni um túlkun á álitaeftum sem lúta að skiptingu skóladaga í grunnskólum milli kennsludaga og annarra skóladaga (fylgiskjal).

Virðingarfyllt,

Ágúst Frímann Jakobsson
Deildastjóri grunnskóladeildar